

## Kæru skólustjórnendur, kennarar, þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar og aðrir starfsmenn

Nú er vitundar- og styrktarátakið **BLÁR APRÍL** hafið í fimmta sinn og að venju nær átakið hámarki á sjálfan **BLÁA DAGINN** sem fram fer **föstudaginn 6. apríl** en þá eru allir hvattir til að **klæðast bláu**, fræðast um einhverfu og sýna einhverfum stuðning og samstöðu.

Sem fyrr er það *Blár apríl - Styrktarfélag barna með einhverfu* sem að átakanu stendur en markmið þess er annars vegar að stuðla að aukinni fræðslu og skilningi á einhverfu og hins vegar að safna fé til styrktar málefnum er varða börn með einhverfu. Öll starfsemi styrktarfélagins er unnin í sjálfböðavinnu og allt styrktarfé rennur óskert til söfnunarátaksins. Meðal þess sem átakið hefur leitt af sér er fræðslumyndbandið um Dag, sem gefið var út í fyrra, og í ár kemur út sjálfstætt framhald af fræðslumyndbandinu, nú um hana Maríu, sem frumsýnt verður fyrir bláa daginn á [blarapril.is](http://blarapril.is).



Úr fræðslumyndbandinu frá í fyrra: *Ævar vísindamaður og Dagur*


### Góður árangur náðst

Á síðustu árum hefur orðið mikil vakning um einhverfu í samfélaginu, ekki síst meðal yngstu kynslóðanna, sem hafa líklega aldrei verið jafn fróð um einhverfu og einmitt nú. Íslenskir skólar eiga þar hrós skilið fyrir virka þátttöku í þeirri vitundarvakningu sem orðið hefur, m.a. með þátttöku þeirra í Bláum apríl og þeirri fræðslu sem átt hefur sér stað í skólum landsins á bláa daginn. Þessi aðferð, að byrja strax í grasrótinni að ýta undir skilning, umburðarlyndi og samþykki í garð einhverfa, er eitt af því sem styrktarfélagið hefur haft að leiðarljósi frá upphafi.

### Ykkar aðkoma skiptir öllu máli

Hlutverk ykkar í mótun íslenskra skólabarna er stórt og skiptir sköpum hvað við kemur menntun, félagsþroska og almennri hamingju einhverfra barna. Umhyggja og metnaður fyrir þeim einhverfu börnum sem á vegi ykkar verða í starfi og leik, hvernig þið styðjið við bakið á þeim og stuðlið að skilningi, umburðarlyndi og samþykki annarra barna í þeirra garð skiptir öllu máli.

Til eru sögur um starfsfólk á öllum skólastigum sem hefur unnið sannkölluð kraftaverk í vinnu sinni með einhverfum börnum. Þessar sögur blása byr í brjóst foreldra og aðstandenda einhverfra barna sem hafa stundum miklar áhyggjur af líðan þeirra, lífshamingju og framtíð. Ein af þessum sögum segir frá kennara í Reykjavík, sem tók upp á því hjá sjálfri sér að skrifa fallegan texta á töfluna til einhverfa stráksins í bekknum á bláa daginn (sjá mynd) og fékk börnin í bekknum til að skrifa bréf til hans þar sem þau nefndu öll einhvern góðan eiginleika í hans fari. Þetta var það sem mætti drengnum þegar hann kom í skólann og gladdi hann gríðarlega. Ótrúlega fallegt dæmi um þau áhrif sem einn einstaklingur getur haft á líf einhverfs barns.



Þessi skilaboð mættu einhverfum dreng á bláa daginn

Enn og aftur, takk fyrir ykkar þátt í að bæta líf einhverfra barna og haldið áfram að gera enn betur. Ef við höldum áfram á sömu braut stuðlum við vonandi að þjóðfélagi þar sem fjölbreytileikanum er fagnað. Því eins og einhver sagði: „Enginn getur allt en allir geta eitthvað!“.

Góða skemmtun á bláa daginn! Því lífið er blátt á mismunandi hátt! [#blarapril](https://twitter.com/blarapril)  
*Stjórn Blás apríls – Styrktarfélag barna með einhverfu*